


Listahátíð í Reykjavík 40 ára



Yehudi Menuhin, eitt mesta séni tónlistarsögunnar, á æfingu í Laugardalshöllinni 1972.



Oscar Peterson lék með Niels Henning Ørsted Pedersen sumarið 1978.



Tenórsöngvarinn Luciano heitinn Pavarotti þenur raddböndin á tónleikum á Listahátíð í Reykjavík 1980.



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

Daniel Barenboim í heimsókn hjá Pórunni og Vladimir Ashkenazy á heimili þeirra í Reykjavík.

Geingið beint að kjarna

Listahátíð í Reykjavík fagnar 40 ára afmæli sínu á árinu. Fjölmargir heimsfrægir listamenn hafa heiðrað landann með nærveru sinni gegnum tíðina og hér eru í máli og myndum tínd til nokkur atriði sem mörkuðu varanleg spor í sögu hátíðarinnar.

Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is

Margur mun fagna því að á þessari fyrstu alþjóðlegu listahátíð Íslands eigum við ekki sjálfir að tala, né heyra aðra menn tala um list, heldur verður hér geingið beint að kjarna hlutanna sem er listsköpunin sjálf. Hér hafa þeir menn einir verið til kvaddir sem munu þyrma okkur við ofmiklu tali. Það er hamingja okkar núna að hafa feingið hingað til okkar nokkra þá meistara heimslistarinnar, sem hvert listraent hjarta fer að slá örur af því einu að heyra nöfn þeirra nefnd. Listin er sköpun sem gerir orð marklaus. Ég vona að hér fái listin að tala beint við sálina.

Þannig komst Halldór Laxness að orði í ávarpi við setningu fyrstu Listahátíð-

arinnar í Reykjavík árið 1970. Og nóbelskaldíð hitti naglann á höfuðið, það voru sannkallaðir meistara heimslistarinnar sem drápu hér niður fæti þetta sumar.

Vladimir Ashkenazy bjó hér á landi á þessum tíma og lagði gjörva hönd á plóginn við undirbúning hátíðarinnar. Það var ekki síst honum að þakka að hingað stefndu skónum virtúósar á sviði sigildrar tónlistar, André Previn, Itzhak Perlman og hjónin Daniel Barenboim og Jacqueline du Pré.

Fellur í miklum haddi

Barenboim og du Pré voru eitt umtalaðasta parið í tónlistarheiminum á þessum



Morgunblaðið/Kristinn Benediktsson

Robert Plant, Jimmy Page og John Paul Jones á tónleikum í Laugardalshöllinni 1970.

Eyjólfur sundkappi hafði hemil á múgnum

Listahátíð í Reykjavík hefur löngum gert dægurtónlist hátt undir höfði. Á engan viðburð er þó hallað þótt fullyrst sé að koma rokk sveitarinnar goðsagnakenndu Led Zeppelin á fyrstu hátíðina 1970 standi upp úr. Robert Plant og félagar voru þá á hátindi frægðar sinnar.

Skriftir og meiri skriftir. Þannig lýsti Stefán Halldórsson, blaðamaður Morgunblaðsins, 42 klukkustunda dvöl Led Zeppelin á Íslandi sumarið 1970. Hver einasti maður sem komst í námunda við kappana freistaði þess að fá þá til að skrifa nöfnin sín á einhvern hlut, pappír, bleði, mynd, skó, handlegg, maga, kinn.

Stefán var á Keflavíkurflugvelli þegar goðin lentu og lýsir því þegar stóra stundin rann upp. „Robert Plant, söngvarinn, gekk fyrstur út, en síðan komu þeir einn af öðrum, John



Tænar á Robert Plant vöktu sérstaka athygli en þessi mynd birtist með umsögn um tónleika Led Zeppelin í Morgunblaðinu.

Bonham, Jimmy Page og John Paul Jones, eltir af umboðsmönnum og burðarkörum.“

Page sat stuttlega fyrir svörum hjá Stefáni og var spurður hvort sveitin hefði ferðast



Morgunblaðið/Emillia



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

„Litlu hjónin“ André Previn og Mia Farrow á Keflavíkurflugvelli 1972. Þau voru elskuleg.



Djassmeisterinn Benny Goodman var hress við komuna til landsins sumarið 1976.

Aðeins 5 sinnum haldið svona tónleika

– segir Herbie Hancock

„ÉG ER ekki enn búinn að ákveða hvað ég ætla að spila.“ sagði Herbie Hancock í stutta spjalli við Morgunblaðið. Í gær, Herbie Hancock kom til landsins í gæstumgöngu og í kvöld klakkar hann í höndum sínum á Austurvelli nú hefur hann jazztónleika á Broadway á vegum Listahátíðar, þar spilar hann einn



Herbie Hancock á Austurvelli

Myndin fræga af Herbie Hancock á Austurvelli.



Jacqueline du Pré var undrabarn í sellóleik.

hlutanna

árum, bráðung og þrútin af hæfileikum. Hún sellisti en hann píanóleikari og hljómsveitarstjóri.

„Sellóleikarinn Jacqueline du Pré er ung kona, ljós á húð og hár, sem fellur í miklum haddi niður yfir axlirnar og hún brosir mikið. Það er einhver pötískur blær yfir henni, ekki síður þegar hún talar. Þetta er sýnilega hamingjusöm ung kona, ánægð með lífið.“

Þannig lýsir blaðamaður Morgunblaðsins du Pré í upphafi samtals þeirra sem fram fór á Hótel Sögu fyrir tónleikana á Listahátíð. Ekki er allt sem sýnir.

Í viðtalinu lýsir du Pré meðal annars aðdáun sinni á Íslandi. „En hér virðist allt svo hreint og ótrúlega rólegt og kyrrlitt í

samanburði við aðrar stórborgir. Mér finnst svo indælt að sjá svo mikið af grænum blettum í kringum hvert hús og loftið er svo tært. [...] Ég elska svalt loftslag, mikla viðáttu og fjallalandslag – eða yfirleitt óspillt land.“

Tisku bar einnig á góma en blaðamaður hafði áhyggjur af því að minipilsin væru afleit fyrir sellóleikara. „Jú, en ég leik ekki í minipils. Ég er alltaf í viðum og efnismiklum pilsunum, einmitt af þeirri ástæðu. Annars fara pilsin langt upp um mann og það er ekki beint fallett að sjá framan úr sal þessar löngu lappir og uppflött pils.“ svaraði Jacqueline du Pré og hló hjartanlega.

Sem kunnugt er varð ferill du Pré styttri

en til stóð. Hún greindist með MS-sjúkdóminn árið 1973 og neyddist til að leggja sellíði á hilluna. Hún lést árið 1987, aðeins 42 ára að aldri.

Aldrei séð þreyttari mann

Við komuna til landsins baðst Barenboim undan viðtali við Morgunblaðið vegna þreytu. Hann hafði ekki sotið í sólarhring. Lét blaðamaður þess getið að aldrei hefði hann séð þreyttari mann, þar sem Barenboim tvísteig órakaður og sljór af þreytu framan við móttökuborðið á Hótel Sögu, því herbergið hans var ekki tilbúið.

Barenboim sneri aftur á Listahátíð í Reykjavík árið 1974.

Blaðamaður Morgunblaðsins hafði

ímyndað sér Itzhak Perlman grannan og fíngerðan mann og brá því í brún þegar hönd hans hvarf í hönd ísraelska fíðluleikarans þegar þeir heilsuðust. Perlman, sem var aðeins 24 ára á þessum tíma, lýsir í viðtalinu tildrögum þess að hann flutti til Bandaríkjanna en það atvikaðist þannig að sjónvarpsmaðurinn kunnir Ed Sullivan fékk hann til að koma fram í dagskrá helgaðri Ísrael. Eftir það afréð Perlman að verða um kyrrt og halda áfram í tónlistarnámi.

Spurður um deilur Ísraela og Araba kveðst Perlman vonast eftir friði en bætir svo við: „Ísrael verður aldrei sigrað í styröld. Það er bara spurning um, hversu dýrkeyptir sigirnir verða og hversu mikið

víða. „Já, við höfum komið víða við, en satt best að segja, þá eru þessi ferðalög farin að verða dálítið þreytandi, sérstaklega þó í Bandaríkjunum.“

Æstur múgurinn elti Zeppelin-menn á röndum, fyrst á Hótel Sögu og síðan á æfingu í Laugardalshöllinni. Þar þurfti ekki minni mann en Eyjólf Jónsson, sundkappa og lögregluþjón, til að sjá til þess að enginn slyppi inn í helgidóminn.

Úr höllinni lá leiðin á kveðjudansleik hljómsveitarinnar Trúbrotis í Glaumbæ. Shady Owens og Karl Sighvatsson voru að hætta. Enn áttu Plant og félagar fótum sínum fjör að launa og fenginn var dryavörður til að stjórna umferðinni framhjá borði þeirra. „Beðið var um bjór. Því miður, ekki til,“ skrifar Stefán. „Jæja þá, kampavín. Alveg sjálf-sagt, og síðan voru kampavínsflöskur drifnar á borðið. Það er mikil og merkileg list að opna slíkar flöskur, en John Bonham, trommarinn, var alveg eldklár í þeirri list eins og svo mörgum öðrum. Og Led Zeppelin skáluðu.“

Áratug síðar féll Bonham frá. Banamein hans var áfengiseitrun.



Morgunblaðið/Ásdís

David Bowie hélt tónleika á Listahátíð 1996. Hann var brosti blítt framan í fjölmiðlafólk.

Burðarkarlarnir gengu út

Vel lá á Zeppelin-mönnum og föruneiti þeirra og Stefán veitti því athygli að „burðarkarlarnir“ voru fljótlega komnir með sína stúlkuna hver upp á arminn.

Hljómsveitarmeðlimir sátu að sumbli um stund, að Jones undanskildum. Hann fór heim á hótél, örmagna eftir skrifinnskuna. Hinir héldu sem leið lá í partí.

Greininni í Morgunblaðinu fylgir mynd af liðsmönnum Zeppelin og fleirum fyrir framan hús með áletruninni „rakari“. Í myndatexta segir: „Því miður skildu hvorki Led Zeppelin né aðstoðarmennirnir íslenzku og því gengu þeir óklípptir framhjá rakarastofunni.“

Zeppelin-menn virðast hafa kunnað vel við sig á Íslandi, alltént sömdu þeir síðar óð til landsins, Immigrant Song. Sem frægt er.

Stefán Halldórsson var í hópi fimm þúsund ungmenna á tónleikum Led Zeppelin í Laugardalshöll kvöldið eftir. Látum þessi orð hans um þá upplifun duga: „Þetta voru stærstu og merkilegustu bítlatónleikar sem haldnir hafa verið hér á landi, frá því að bítlahljómsveitir hófust.“

Listahátíð í Reykjavík 40 ára

þarf til að arabísku leiðtogarnir skilji þetta.“

Rétt eins og unglingsstelpa

Þýski hljómsveitarstjórinn André Previn átti að koma á fyrstu Listahátíðina en forfallaðist vegna eyrnabólgu. Hann bætti landanum það upp með því að koma bæði á hátíðina 1972 og 1974. Með honum í för var þáverandi eiginkona hans, kvikmyndaleikkonan Mia Farrow.

Minntu munaði þó að Elín Pálmadóttir, blaðamaður Morgunblaðsins, missti af þarinnu við komuna til landsins. „Varla hefðum við veitt þessu lágvaxna pari at-
hygli, hefði þeim ekki verið hleypt fyrst út úr flugvélinni og við átt von á þeim. Mia Farrow svo lítil og grönn í síðbuxum, gulri bómullarpeysu með teiknaðri mynd af Mikka mús, eða einhverju þvflíku, og úlpu utan yfir – rétt eins og unglingsstelpa,“ skrifar Elín.

Hjónin uxu þó hratt í augum blaðakonunnar. Hann „elskulegur“ og hún „falleg“.

„Þessi stóru augu í dapurlegu fögru andliti heilla eins og á kvikmyndatjaldu.“

Í samtalinu ræddu hjónin m.a. um fjölskylduna og tíð ferðalög. Þegar þarna var komið sögu áttu þau aðeins tveggja ára gamla tvíburu og sögðust gjarnan vilja hafa þá með sér á ferðalögum. Þeir voru þó ekki með í för til Íslands, þar sem annar hafði kvefast. Farrow og Previn skildu árið 1978, hún á í dag fimmtán börn, sum hefur hún fætt sjálf, önnur eru ættleidd.

Aldrei komið til Kína

Elínu Pálmadóttur þótti ljúfmennska og rósemi einkenna einn fremsta fiðluleikara sögunnar, Yehudi Menuhin, þegar hann kom hingað á Listahátíð 1972. „Líklega stafar ekki jafn miklum ljóma af nafni nokkurs núlifandi listamanns,“ skrifar Elín, „en við fyrstu kynni er látleysið mest áberandi.“

Menuhin kvaðst hingað kominn í virðingarskyni við vin sinn Vladimír Ashkenazy og hlakkaði til að kynnast Íslendingum.

Hann brást kíminn við þegar Elín spurði hvort Ísland væri ekki eina landið á hnettinum sem hann hefði ekki leikið í. „Ekki alveg rétt. Ég hef aldrei komið til Kína.“

Matthías Johannessen, þáverandi ritstjóri Morgunblaðsins, ræddi einnig við Menuhin meðan á dvöl hans stóð og spurði m.a. um stjórnmál. „Það er raunar leitt til þess að vita að stjórnmálin skuli mótast af því auvirðilegasta, eins og þau eru snar þáttur í lífi okkar. Ég geri því ráð fyrir að pólitík verði að stjórnast af einsýni og einfaldni. Það er illt að þurfa að sætta sig við að þetta skuli enn vera svo – að þetta skuli vera helzta einkenni stjórnmálanna,“ svaraði Menuhin.

Viðtalinu lauk Matthías með þessum orðum: „Yehudi merkir Gyðingur. Menuhin merkir friður. Ekkert lýsir betur hjartalagi og viðhorfi þessa hugstæða snillings en nafnið sem hann ber.“

Hýr og brosmildur

Góðvildin og hlýjan lýsti einnig af sellist-

anum og hljómsveitarstjóranum Mstislav Rostropovitsj við komuna til landsins sumarið 1978. „Hann er hýr og brosið hverfur ekki,“ segir á baksíðu Morgunblaðsins hinn 6. júní. Í samtali Rostropovitsj við Morgunblaðið kom fram að hann hefði verið hér á landi mörgum árum fyrr og nú gat hann ekki beðið eftir að læsa tönnum í skyr með rjóma. „Ég ætla svo sannarlega að njóta þess að gæða mér á því.“

Rostropovitsj flúði heimaland sitt, Sovétríkin, árið 1974 í mótmælaskyni við stefnu stjórnvalda og í samtalinu kvaðst hann búa alls staðar og hvergi. Á þeim tímamarki var hann þó að leita að nýju landi til að setjast að í. Bandaríkin urðu síðar fyrir valinu. Hann kom ekki aftur til Rússlands fyrr en kommúnisminn hafði runnið sitt skeið 1990.

Alls ekki of feitur

Sænska sópransöngkonan Birgit Nilsson kom líka á Listahátíð 1978. Hún hafði ber-sýnilega lítinn tíma til að ræða við blaða-

Leikhúsið nær mann- eskjunni en kvikmyndin

„Hefði ég staðið frammi fyrir því að velja milli leikhúss og kvikmynda, hvenær sem er á ferli mínum, hefði ég alltaf tekið leikhúsið fram yfir, af því að leikhúsið er á allan hátt nær manneskjunni en kvikmyndin getur nokkurn tíma orðið, ef maður á að vera að bera saman listform sem eru svo ólík í sjálfu sér. Þrátt fyrir þá ótrúlegu möguleika sem kvikmyndin hefur, þá er leiklist á sviði miklu eðlilegra og einfaldara listform og það býður upp á mun fullkomnari vinnubrögð.“

Þannig komst sænski leikstjórinn Ingmar Bergman að orði á blaðamannafundi í tilefni af sýningu Dramaten á Fröken Júliu eftir Strindberg á Listahátíð sumarið 1986. Koma Bergmans er einn af hápunktunum í sögu sviðslista á hátíðinni.

Bergman bjó á þessum tíma í gamalli hlöðu á Fåro í Svíþjóð og þótti Ísland minna sig á eyjuna í skerjagarðinum „en öryggiskenndin er ekki sú sama hér og hún er þar“.

Reyndi að lækna feimnina

Ein umtalaðasta upptökun í sögu Listahátíðar var gjörningur japanska hreyfilistamannsins Min Tanaka árið 1980 en dansinn framdi hann gott sem klæðalaus.

Í umfjöllun Morgunblaðsins um sýninguna kemur fram að áhorfandi spurði Tanaka hvort hann væri nokkurn tímann feiminn.

„Í fyrsta lagi finnst mér ég ekki nakinn, penis minn er vafinn. Og í öðru lagi skynja ég ekki líkama minn meðan ég dansa. Vitund mín færir á æðra stig. Hins vegar finn ég strax ef einhver er feiminn meðal áhorfenda. Ég reyni þá að ná til slíkra feimnisskjóða og lækna feimnina,“ svaraði Tanaka um hæl.

Það var Ólafur M. Jóhannesson sem fjallaði um sýningu Tanakas í Morgunblaðinu og vatt frásögn hans upp á sig. Eftir að hafa skoðað myndlistarsýningu í Breiðfirðingabúð rak hann augun í kerlingu er var hálf út um glugga á efri hæð verslunarinnar Pfaff við Skólavörðustíg. Var kerla eitthvað að hrópa. „Minnti þetta óþægilega á kerlingarnar í gamla daga í sjávarþorpi úti á landi, sem næstum hræddu líftórana úr krökkum, er þær æptu ókvæðisorð milli garða. Átti þetta sér einkum stað þegar konur þessar hengdu út þvott,“ skrifar Ólafur sem ber-sýnilega var brugðið.

Þakklátur fyrir boðið

Einn eftirminnlegasti viðburðurinn á Listahátíð hin síðari ár var koma San Francisco-ballettsins og listræns stjórnanda hans, Helga Tómassonar, árið 2000. Helgi hafði komið með hluta flokksins til landsins tíu árum áður en á menningarborgarári var honum gert kleift að



Morgunblaðið/Sverrir

Helgi Tómasson og dansarar San Francisco-ballettsins hyltir á Listahátíð árið 2000. Svanavatnið þótti glæsileg sýning.



Hreyfilist Japanans Mins Tanakas vakti óskipta athygli 1980. Íslendingar voru ekki vanir berrösuðu listafólki.



Ingmar Bergman kom á Listahátíð 1986 og ræðir hér við leikhúsfólkið Guðrúnu Gísladóttur og Stefán Baldursson.

koma með allan flokkinn, um fimmtíu dansarar tóku þátt í rómaðri sýningu á Svanavatninu í Borgarleikhúsinu.

Í samtali við Margréti Sveinbjörnsdóttur, blaðamann á Morgunblaðinu, sagði Helgi meðal annars: „Það var alveg sérstaklega mikilvægt fyrir mig að vera boðið að koma hingað með flokkinn og ég er þakklátur fyrir að af því gat orðið, því það er svo sjaldan sem Íslendingar hafa möguleika á að sjá það sem ég er að fást við. Það er mjög sjaldan sem ég hitti Íslendinga, helst er það einstaka sinnum að það komi Íslendingar á sýningu hjá okkur í San Francisco og spyrji eftir mér baksíðu að henni lokinni. Þetta hefur verið minn starfsferill í fimmtán ár og hefur gengið alveg stórkostlega vel, svo það er gaman fyrir mig að geta sýnt Íslendingum þó ekki væri nema smásýnishorn af því sem ég hef verið að gera.“

„Í fyrsta lagi finnst mér ég ekki nakinn, penis minn er vafinn. Og í öðru lagi skynja ég ekki líkama minn meðan ég dansa. Vitund mín færir á æðra stig.“

mann Morgunblaðsins en lét þess getið að sig hefði lengi langað til þess að koma til Íslands og því þegið boð Listahátíðar með þökkum.

Hápunkturinn á Listahátíð 1980 voru tónleikar ítalska tenórsöngvarans Luciano Pavarotti ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. „Það var ekki aðeins að Ashkenazy hvetti mig, hann beinlínis skipaði mér að fara til Íslands og syngja þar,“ sagði Pavarotti við Morgunblaðið.

Talið barst að holdafari og Pavarotti áréttaði að hann væri alls ekki of feitur „og það er útbreiddur misskilningur að söngvarar verði að vera feitir. Þeir verða hins vegar að vera þéttbyggðir, eins og íþróttamenn, til að hafa eitthvað til að styðjast við.“

Og hananú!
Í samtalinu kvaðst Pavarotti eiga fimm gögð ár eftir sem söngvari. Þau urðu allnokkru fleiri.

Seint verður sagt að Listahátíð í Reykjavík hafi sniðgengið djassgeggjara gegnum tíðina en fjöldinn allur af djasstónlist-

Talið barst að holdafari og Pavarotti áréttaði að hann væri alls ekki of feitur „og það er útbreiddur misskilningur að söngvarar verði að vera feitir. Þeir verða hins vegar að vera þéttbyggðir, eins og íþróttamenn, til að hafa eitthvað til að styðjast við.“

armönnum í fremstu röð hefur stungið við stafni á hátíðinni.

Goodman ætlaði í lax

Elín Pálmadóttir blaðamaður lýsti Benny Goodman sem hlýlegum og broshýrum eldri manni en meistari sveiflunnar var orðinn 67 ára þegar hann kom á Listahátíð 1976.

„Nú er ekki skropið í 52. götu til að taka lagið, eða hvað?“ spurði Elín.

„Nei, það er næstum búið að vera,“ svaraði Goodman um hæl. „Sjálfur fer ég þangað aldrei. Það er of seint á kvöldin fyrir mig nú orðið.“

Í samtalinu kemur fram að Goodman var mikill áhugamaður um laxveidar og eftir tónleikana hugðist hann renna fyrir lax norður í Víðidalsá með Ingimundi Sigfússyni.

Morgunblaðið spurði Oscar Peterson að því á Listahátíð 1978, þegar hann lék með Niels-Henning Ørsted Pedersen, hvaða tilfinningar hann vildi vekja hjá áhorf-

endum. „Aðeins þær tilfinningar sem tónlistin vekur hjá þeim hverjum og einum, stundum gleði og stundum kannski ofboðlitla sorg. Ef þetta tekst er ég ánægður.“

Dave Brubeck var orðinn 65 ára þegar hann stakk við stafni á Listahátíð 1986. Í samtali við Morgunblaðið fyrir tónleikana gaf hann ekki upp hvað yrði leikið. „Þeir sem ákveða slíkt fyrirfram ættu að snúa sér að sígildri tónlist.“

Herbie Hancock, sem kom á sömu hátíð, var ekki heldur búinn að ákveða efnisskrána þegar Morgunblaðið hitti hann að máli. Á tónleikunum spilaði hann einn á órafmagnað píanó. „Það er heldur óvanaleg reynsla fyrir mig að halda tónleika sem þessa, ég hef aðeins gert það fimm sinnum áður. Ég er því mjög spenntur sjálfur að sjá hvernig þeir verða,“ sagði Hancock.

Meðan Hancock var staddur hér á landi náði Morgunblaðið frægri mynd af honum á Austurvelli.



Morgunblaðið/RAX

Jacqueline Picasso opnar sýningu á verkum bónda síns á Listahátíð 1986. Rúmum fjórum mánuðum síðar var hún öll.



Doris Lessing kom á Listahátíð 1986. Hér er hún ásamt hjónunum Birgi Siguróssyni og Elsu Stefánsdóttur.

Hafði svo mikla sálarró

Fáar myndlistarsýningar hafa vakið meiri athygli á Listahátíð í Reykjavík en sýning á verkum Pablos Picassos sumarið 1986. Ekkja meistarans, Jacqueline, opnaði sýninguna sjálf.

„Fjölmargir hafa verið að biðja mig um það úr öllum áttum,“ svaraði hún þegar Elín Pálmadóttir, blaðamaður Morgunblaðsins, spurði hvort ekki væri mikil spurn eftir sýningu á tédum verkum. „En ég er svo heppin að eiga rétt á að gera það sem mig langar sjálfa. Og í þetta sinn kom það til af því að ég settist niður með kaffibolla með vini mínum Erro frá Íslandi, sem stakk upp á þessu og ég féllst á það. Nú svo vildi ég halda loforðið. Loforðið við hann, við Íslendinga og mig sjálfa. Svo einfalt er það.“

Talið barst að bónda hennar. „Pablo vann alveg fram á síðasta dag, þegar hann var orðinn 92ja ára gamall. Alltaf jafn afkastamikill og frjór, ég held að ekki megi finna í verkum hans seinustu tvö árin neina endurtekningu á því sama. Hann vann án afláts, eins og ungur maður, og síðustu árin gat hann einbeitt sér betur en nokkru sinni. Hann hafði svo mikla sálarró, sem gerði honum fært að vinna svona vel og lengi. Það var alveg ótrúlegt.“

Rúmum fjórum mánuðum eftir komu sína á Listahátíð svipti Jacqueline Picasso sig lífi.

Verkin segja allt

Einn af forsprökum hugmyndalistarinnar, Lawrence Weiner, kom á Listahátíð 2000 og notaði tækifærið til að færa Háskólanum á Akureyri verk að gjöf. Við þá athöfn kom fram að yfirlýst stefna Weiners væri að færa listina út til hins almenna



Jeff Koons sumarið 2004. Í bakgrunni eru Jackson og Bubbles.

manns, út úr þeim filabeinsturnum þar sem henni væri oftast fundinn staður. Það væri í fullkomnu samræmi við það meginhlutverk skólans að veita almenningi aðgang að æðri menntun.

Weiner sagði að stærsti kosturinn við að nota orð í skúlptúra væri sá að hann þyrfti þar fyrir utan ekki að segja mikið, því verkin segðu allt. Hann lét þess þó getið að hann hefði ekki orðið sá maður sem hann væri án bóka og að listaverkum á borð við hans væri ekki ætlað að kenna fólki eitt eða neitt, heldur einfaldlega að vera til staðar svo það gæti lært sjálft.

Nútíma Jesús Kristur

Hinn umdeildi Jeff Koons kom á Listahátíð 2004. Þóroddur Bjarnason blaðamaður spurði hann m.a. um verkið fræga „Michael Jackson og Bubbles“, sem var á sýningunni.

„En ástæða þess að ég vann með Michael í Hversdagsleika-sýningunni var að ég vildi að fólk myndi frelsast, þ.e. verða frjálst til að viðurkenna að þeir hlutir sem komu úr dægurmenningunni væru góðir og gildir sem menning og viðurkenna



Lawrence Weiner afhendir Þorsteini Gunnarssyni rektor HA verk eftir sig árið 2000.

fyrir sjálfum sér að allt sem þú upplifir er fullkomnið. Á sýningunni voru margar aðrar höggmyndir sem voru svona myndlíkingar, eins og til dæmis var höggmynd af Buster Keaton ríðandi á smáhesti myndlíking fyrir Jesú að ríða inn í Jerúsalem. Michael Jackson var þarna sem yfirlýsing um stórtjórnumeninguna og hvernig við blásum stjörnurnar upp. Hann var þarna sem einkonar nútíma Jesú Kristur. Hann minnti mig líka á egypska faraóinn Tutankhamun, en saga hans er átakanleg eins og saga Jacksons. Það er sorglegt hvað við leggjum mikið upp úr dýrkun á fræga fólkinu en þetta hefur að gera með hið innra og ytra sem ég talaði um hér á undan.“

Af öðrum myndlistarmönnum sem átt hafa verk á Listahátíð í Reykjavík gegnum tíðina má nefna Andres Serrano, André Masson, Andy Warhol, Bruce Nauman, Cindy Sherman, Donald Judd, Edward Munch, Francisco Goya, Ilya Kabakov, Louise Bourgeois, Marc Chagall, Matthew Barney, Max Ernst, Miro, Richard Serra, Roni Horn, Spencer Tunick og Ólaf Eliásson.

Lesið skáldin sem vekja ykkur til lífsins

Rithöfundar hafa ekki verið tíðir gestir á Listahátíð enda hefur Bókmenntahátíð í Reykjavík séð um að svala þorsta bókelskra. Stór nöfn hafa eigi að síður heiðrað hátíðina með nærveru sinni.

Þannig var Doris Lessing gestur Listahátíðar árið 1986. Eftir var til dagskrár Nóbelsverðlaunahafanum til heiðurs í lónó, þar sem Kristbjörg Kjeld og Arnar Jónsson lásu úr verkum Lessing og Magdalena Schram talaði um verk hennar. Sjálf steig Lessing í pontu og var „áheyrileg og skilmerkileg og vangaveltur hennar um skáldsöguna mjög fróðlegar svo og áhrif upplýsingamiðla á bókmenntir síðustu ára sérstaklega“, að dómi Jóhónnu Kristjónsdóttur sem ritaði umsögn um dagskrána í Morgunblaðið. Jóhónnu þótti sviðið í lónó á hinn bóginn snautlegt og núturlegt og umræður á eftir erindi Lessing of langar.

Annað nóbelskald, Seamus Heaney, kom fram á Listahátíð 2004. Pétur Blöndal, blaðamaður Morgunblaðsins, bað hann um ráð handa ungum skáldum sem væru að byrja að hasla sér völl.

„Lesið skáldin sem vekja ykkur til lífsins, hvort sem þau njóta almennrar virðingar eða ekki. Lesið skáldin sem þið virðið og vitið að eruð betri en þið. En ekki vera of hrokafull til að lesa skáldin, sem þið vitið innst inni að eru ekki svo góð, en veita ykkur samt innblástur. Á þann veg fáið þið ef til vill bæði sjálfstraust og örvun. En þegar allt kemur til alls, þá mun reynsla annarra ekki gera ykkur mikið gagn,“ svaraði Heaney.

Í samtalinu upplýsti Heaney að hann notaði ekki tölvupóst. „Ég hef enga þörf fyrir að heyra frá fólki sem vill ná tali af mér. Mér skilst að með tölvupóstfang sé maður varnarlau. Fólk geti dælt inn skilaboðum. Ég hef engan áhuga á því að fá boð um að fara neitt, ég vil ekki beiðnir um viðtöl, ég vil ekki fyrirspurnir frá nemendum. Í hvert skipti sem ég svara ekki, þá er ég sekur. Aðferðir nitjándu aldar myndu alveg duga mér.“



Nóbelskaldinn Seamus Heaney kom árið 2004.